



Umsókn / ósk um styrk

Til þess er málið varðar:

SEM Samtökin óska eftir stuðning frá þínu fyrirtæki/félagi/klúbb til kaupa á fjórum hjólastóla fjallahjólum sem eru með rafmagns hjálparmótor, hægt er að stilla hjól eftir getu einstaklings miðað við fötlun. Eitt hjól kostar 2,5 milljónir króna heimkomið til Íslands.

Mikilvægi hreyfingar hreyfihamlaðra er ótvíræð en því miður er ekki mikið í boði fyrir fólk sem notast við hjólastóla. Dæmi eru um að einstaklingar sem notast við hjólastól, hafi ekki fengið hreyfingu eða notið útivistar í mörg ár og styrkur þar af leiðandi langt fyrir neðan getu. Hreyfingarleysið eykur líkur á ofþyngd, stírnun, þunglyndi, geðraskanir, orkuleysi og þar af leiðandi lélega sjálfsmynd.

Með því að auka við búnað fyrir hreyfihamlaða aukum við líkur á hreyfingu hreyfihamlaðra og með því að fá fjögur fjallahjól aukum við líkurnar á því að geta farið saman með hópa í hreyfingu sem er mjög mikilvægt, þar sem að hreyfihamlaðir vilja oftast ekki vera einir sem skera sig úr.

SEM samtökin myndu hafa umsjón og viðhald með hjólunum og sjá til þess að lána þau endurgjaldslaust út og einnig sjá um að fara með hópa í hjólatúra eftir óskum, s.s í tengslum við endurhæfinguna á Grensás og fyrir fleiri aðila ef áhugi er á.

Athyglin á hreyfingu hreyfihamlaðra mun svo ná hámarki núna í sumar eða vikuna 21-27.júní 2021 þegar Arnar Helgi Lárusson formaður SEM mun gera tilraun til þess að hjóla 400 km á innan við sólarhring á handareiðhjóli (ekki með rafmagni) og er áætlað að hjóla að austan og suðureftir.

**Þeir sem myndu vilja styrkja þetta verkefni geta sett sig í samband við SEM samtökin sem@sem.is
Arnar Helga gsm: 823-3007 eða Jóhann Rúnar gsm: 893-8947**

Allt fjármagn sem mun koma inn í tengslum við þetta verkefni mun fara í búnað til hreyfingar.

SEM samtökin kennitala SEM: 510182-0739 - Reikningsnúmer: 0323-26-001323 Skýring Km400

Arnar Helgi formaður SEM

ALL



Jóhann Rúnar ritari SEM

JRK

